



Tilkynning um kæru nr_ 122_2024_ stjórnvald_

Búið til	21.10.2024 12:57:46
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	21.10.2024 10:42:55
Tilheyrir	USK24100216 - Njarðargata 43 - kæra nr 122/2024

Efni

Tilkynning um kæru nr_ 122_2024_ stjórnvald_

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	21.10.2024 10:42:55	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.15.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 18. október 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun

Reykjavík, 18. okt. 2024

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

Málefni: Njarðargata 43.

Fyrir hönd umbjóðanda míns, Sigurðar Más Hilmarssonar, fer ég fram á að synjun byggingarfulltrúa á umsókn um endurnýjun á áður gerðri samþykkt verði dregin til baka.

Málið er þannig vaxið að 17. apríl 2018 voru samþykktar teikningar til endurnýjunar á rekstrarleyfi m.a. vegna hertra krafna eldvarnaeftirlits þar sem gert var ráð fyrir gistirými í flokki II fyrir 16 manns. Gert var ráð fyrir svölum í risi og á 2. hæð. Efri svalirnar ná 1m út fyrir húshlið en þær neðri ná 1,2m út. Breidd svalanna er 2,5m og 2,65m.

Því miður var ekki gefið út byggingarleyfi fyrir framkvæmdum af ástæðum sem ekki verða raktar hér, en engu að síður voru svalirnar gerðar í samræmi við samþykktar teikningar og settar upp vegna þrýstings frá Eldvarnaeftirliti um tafarlaugar úrbætur á þeim öryggisatriðum sem svalirnar eru.

Árið 2022 var sótt um endurnýjun á fyrri samþykkt og lagðar inn óbreyttar teikningar með örlitlum textabreytingum en en það náði ekki fram að ganga og þegar önnur tilraun var gerð í maí 2024 og fyrri umsókn dregin til baka, að ráði Byggingarfulltrúa, lauk því með þeirri niðurstöðu sem fram kemur á meðsendum gögnum.

Til þess að færa rök fyrir þeirri beiðni að synjunin verði dregin til baka skal bent á eftirfarandi:

- Svalir: Sagt er í athugasemdum skipulagsfulltrúa að þær framkalli of mikinn skugga á neðri hæð hússins en á það skal bent að svalirnar eru á norðurhlið og þá sjaldan að sól skíni á þá hlið munu svalirnar fremur kasta skugga til hliðar á gluggalausa fleti fremur en niður fyrir. Neðan við svalir á 2.hæð er baðherbergi. Á það skal einnig bent að húsinu nr. 47 við Njarðargötu eru svalir, samþykktar 2020, sem fylgja allri húshliðinni og ná 1,79m frá húsvegg.
- Gistirými: Í húsinu hefur um árabíl verið leyft gistirými fyrir 16 manns í flokki IIB og var ráðist í endurbætur samkvæmt áður nefndum samþykktum teikningum til þess að viðhalda leyfinu.

Vonast er til að Úrskurðarnefndin líti með velvilja á málið og afgreið það jákvætt í ljósi þeirra skýringa og gagna sem hér með fylgja.

Með bestu kveðjum


Helgi Hafliðason

Fylgigögn:

Umsögn Skipulagsfulltrúa frá 4.júlí

Tilkynning um afgreiðslu máls frá 15.okt.

Yfirlit yfir breytingar (2 blöð)